

Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 20 - 01.07. 2003

Þriðjudaginn 1. júní, árið 2003 kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 1730 í Áhaldahúsinu.

Mætt voru stjórnarmennirnir: Sigrún Alda Sighvats, Gísli Árnason, Einar Gíslason og Margeir Friðriksson sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Nýkjörin stjórn skiptir með sér verkum
2. Fundartími stjórnar
3. Önnur mál

AFGREIÐSLUR:

Einar Gíslason setti fund og gekk til dagskrár.

1. Fram kom tillaga um Sigrúnu Öldu sem stjórnarformann, Gísla Árnason sem varaformann og Einar Gíslason sem meðstjórnanda. Samþykkt samhljóða.

Tók Sigrún Alda nú við fundarstjórn.

2. Gerð var tillaga um að stjórnin fundi seinni part á miðvikudögum eftir því sem þurfa þykir. Einnig að varamenn í stjórn fái sendar fundargerðir til sín. Samþykkt samhljóða.

3. Önnur mál eru engin.

Fleira var ekki á dagskrá. Fundargerðin lesin upp og samþykkt og fundi slitið kl. 1737